



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÝÐUSKÓLA

Skólaárið 2017-2018 02.10. 2017 2. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er september liðinn og bleikur október tekinn við. Við siglum á góðri ferð inn í skólaárið og ekki er nú slæmt að fá svona gott veður eins hefur verið hjá okkur síðustu vikurnar.

Nú er búið að manna allar stöður í skólanum. Guðfinna Árnadóttir bættist í hópinn fyrir hálfum mánuði en hún er ráðgjafi og er ráðin fyrir þuríði þetta skólaár.

Í þessum mánuði verður nokkuð af óhefðbundum skóladögum hjá nemendum. Næsta föstudag er skipulagsdagur og frístund er lokuð fyrir hádegi, opnar kl. 13.00. Á skýringum sem fylgja skóladagatalinu á heimasíðunni er hægt að skoða hvaða daga frístund er lokuð. Viðtalsdagar verða mánudaginn 9. október og þriðjudaginn 10. október, ég minni á að skrá viðtal inn á Mentor.

Þann 27. október og 30. október verður svo haustfrí. Við förum fram á það hér í skólanum eins og undanfarin ár að foreldrar og nemendur komi undirbúnir fyrir viðtölin. Það á að færa inn frammistöðumat á Mentor og föstudaginn 6. október er hægt að skoða matið frá kennurunum á Mentor.

Föstudaginn 13. október er svo bleiki dagurinn. Það er orðinn fastur liður hjá okkur hér í skólanum að halda upp á þennan dag, klæðast bleiku og sýna þannig samstöðu í baráttunni gegn krabbameini. Við hvetum alla til að vera með.

Nú er búið að skipa í skólaráð fyrir þetta skólaár og má sjá hér á næstu síðu hverjir sitja í því. Á heimasíðunni undir flípanum skólinn/skólaráð má nálgast fundagerðir og netföng fulltrúanna. Við hvetjum ykkur til að senda okkur í ráðinu línu ef þið hafið einhverjar hugmyndir eða ábendingar um skólastarfið.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga



Á döfinni í október:

5. október	Frammistöðumat
6. október	Skipulagsdagur
9. - 10. október	Foreldraviðtöl
13. október	Bleikur dagur
27. og 30. október	Haustfrí



Október er til-
einkaður

Virðingu

Regla mánaðarins er

**„Við fylgjum fyrirmælum
starfsmanna“**


Frammistöðumat og foreldraviðtöl

Samkvæmt skóladagatali eru foreldraviðtöl í Síðuskóla mánudaginn 9. október og þriðjudaginn 10. október. Þessa daga mæta foreldrar til viðtals við umsjónarkennara með barni sínu. Aðrir kennarar skólans eru einnig til viðtals í sínum heimastofum eftir þörfum. Foreldrar bóka sjálfir viðtöl í Mentor. Athugið að aðeins er hægt að bóka viðtöl í Mentor þriðjudaginn 3. október til fimmtudags 5. október. Þá birtist ljósblá flís efst í vinstra horninu þegar þið skráið ykkur inn á Mentor. Gott er að þeir sem eiga fleiri en eitt barn bóki sig fyrir en síðar til að ná samliggjandi tímum.


Í Síðuskóla hafa nemendur (með aðstoð foreldra eftir þörfum) og kennarar fyllt út frammistöðumat í Mentor. Það er aðgengilegt í Mentor bæði á aðgangi nemenda og foreldra. Til að fylla út frammistöðumat er smellt á flísina "fjölskylduvefur" og "frammistöðumat" valið í flípanum til vinstri. Þá er hægt að velja frammistöðumat fyrir viðkomandi barn og fylla út. Þetta þarf að gera í síðasta lagi fimmtudaginn 5. október. Kennarar fylla svo líka út og í viðtölum er grundvöllur til að ræða frammistöðumatið. Mat kennara verður birt föstudaginn 6. október en foreldrar eru hvattir til að kynna sér það fyrir viðtölin.

Pennavinir á Grænlandi

Nemendur 6. bekkja skólans gerðust pennavinir nemenda í 7. bekk í Sisimiut á Grænlandi. Þetta verkefni er að frumkvæði Helgu dönskukennara og nú þegar hafa nemendur skrifað fyrstu bréfin. Hver nemandi keypti kort sem sýnir eitthvað sem einkennir Ísland, og skrifaði á það. Samskiptin fara fram á dönsku því Grænlandingar læra dönsku sem annað mál eins og Íslendingar. Helga dönskukennari hjálpaði krökkunum að búa til setningar sem sagði aðeins frá þeim sjálfum s.s. hvort þau eiga gæludýr, hvaða íþróttir þau stunda, hve mörg systkin þau eiga, hvert er áhugamál þeirra o.s.frv. Einnig voru settar fram spurningar, eins og hvort það sé snjór í Sisimiut, hvað kennarinn heitir, hvort þau eigi gæludýr o.s.frv. Það var mikil tilhlökkun í hópnum fyrri þessari vinnu og gleðin ríkjandi þegar kortin voru skrifuð. Nemendur eiga svo von á póstkortasendingu frá Grænlandi og þá reynir á að lesa dönskuna, með aðstoð að sjálfsgöðu. Hér að neðan má sjá sýnishorn af kortunum sem send verða.



Ýmsar myndir úr skólanum



Skólaráð Síðuskóla 2017-2018

Ólöf Inga Andrédóttir skólastjóri

Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri

Marías Ben. Kristjánsson deildarstjóri

Sonja Björk Dagsdóttir kennari

Elfa Björk Jóhannsdóttir kennari

Saga Svavarsdóttir ritari

Hugrún Dögg Harðardóttir foreldri

Hólmfríður María Hauksdóttir foreldri

Fulltrúar nemenda í skólaráði eru:

Halldór Birgir Eydal 9. bekk, formaður
nemendaráðs og Emelía Ýr Bryngeirsdóttir
úr 10. bekk.

Stjórn FOKS veturinn 2017-2018 skipa:

Heimir Eggerz formaður

Dísa Hrönn Kolbeins varaformaður

Fanney Kristinsdóttir ritari

Sæfríður Marteinsdóttir gjaldkeri

Erla Dögg Ólafsdóttir meðstjórnandi

Linda Theódóra Tómasdóttir meðstjórnandi

Magnús Örn Friðriksson meðstjórnandi

Magnea Guðrún Karlsdóttir fulltrúi kennara.

Nemendaráð 2017-2018

6.b. Aðalfulltrúi: Daníel Hrafn Ingvarsson

Aðalfulltrúi: Viktor Smári Inguson

7.b. JÁ Aðalfulltrúi: Þorgerður Katrín Jónsdóttir

JS Aðalfulltrúi: Ingimar Arnar Kristjánsson

8.b. B Aðalfulltrúi: Kristlaug Eva Wium Elíasdóttir

HL Aðalfulltrúi: Elmar Dagur Stefánsson

9.b. SJ Aðalfulltrúi: Arnar Logi Viðarsson

SS Aðalfulltrúi: Tryggvi Snær Hólmgrímsson

10.b. BJ Aðalfulltrúi: Ágúst Örn Vilbergsson

ÞÓ Aðalfulltrúi: Emelía Ýr Bryngeirsdóttir

Varafultrúi: Emelía Ósk Kruger

Varafultrúi: Óttar Örn Brynjarsson

Varafultrúi: Bryngeir Óli Viggósson

Varafultrúi: Elísabet Eik Jóhannsdóttir

Varafultrúi: Guðmundur Steinn Egilsson

Varafultrúi: Steven Kibira

Varafultrúi: Katrín Mjöll Ingibjargardóttir

Varafultrúi: Ína Soffía Hólmgrímsdóttir

Varafultrúi: Kristján Páll Steinsson

Varafultrúi: Ragnar Gunnar Gunnarsson

Hér til hliðar er mynd af nemendaráði
vetur er það Bibbi sem hefur umsjón með
því.



MATSEÐILL - október 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2. Hakk og spaghetti, kartöflustappa, salat	3 Fiskibollur, hrís- grjón, karrýsósá, ávextir	4. Lambasnitsel, kartöflur, brún- sósá, rauðkál	5. Val 3. bekkur Grjónagrautur og slátur.	6. Skipulagsdagur
9. Viðtalsdagur	10. Viðtalsdagur	11. Fiskur í raspi, kartöflur, sósá	12 Kjúklingur, kartöflubátar, sósá	13. Skr, smurt brauð, ávextir
16. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, gulrætur	17. Hakkbollur, kartöflur, sósá, rauðkál	18. Soðinn fiskur, kartöflur, rúg- brauð	19. Lambapotttréttur, kartöflumús, salat	20. Pylsupasta, salatbar
23. Ofnbökuð ýsa, hrísgrjón, salat	24. Soðið slátur, kartöflur, jafningur	25. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur	26. Mjólkurgrautur, slátur,ávextir	27. Haustfrí
30. Haustfrí	31. Silungur, kartöflur, köld sósá			